

Nd.

208. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 192 (Sveitarstjórnarkosningar).

Frá Páli Zóphóniassyni.

1. Við 3. Annar másl. orðist svo: Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í þeim hreppum, sem eru sérstakt kaupún, skulu kosnar með hlutfallskosningu.
2. Við 5. b. Orðin „Nr. á kjörskrá. Varamenn:“ falli burt.
3. Við 6. b.
 - a) Orðin „og varamenn“ í 1. másl. falli burt.
 - b) Eftir 1. másl. bætist: og skal velja helmingi fleiri en í hreppsnefnd eiga að sitja.
4. Við 7. b. Síðari másl. orðist svo: Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, skulu rétt kjörnir, og teljast þeir í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til um. Rétt kjörnir sem varamenn teljast þeir, sem næstir eru að atkvæðamagni, og er sá fyrsti varamaður, er hæstur er með atkvæðatölu, sá næsthæsti er annar o. s. frv.